

## Reglugerð

### um þjóðarleikvanga í íþróttum

#### I. Kafli

##### Almenn ákvæði

###### 1. gr.

###### Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um viðurkenningu íþróttamannvirkja sem þjóðarleikvangar í íþróttum, með hvaða hætti slík viðurkenning er veitt og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að öðlast viðurkenningu. Reglugerðin gildir einnig um aðkomu ráðuneytisins að fjármögnun verkefna sem tengjast þjóðarleikvöngum.

###### 2. gr.

###### Markmið

Markmið með reglugerðinni er að tryggja að hérlendar íþróttagreinar sem hafa skapað sér sterka stöðu alþjóðlega og skipuleggja alþjóðlega viðburði á Íslandi hafi nauðsynlega umgjörð og aðgengi að íþróttamannvirkjum sem standast kröfur um slíkar keppnir. Viðmið sem gilda um umsóknir um fjárframlög til þjóðarleikvanga eru sett af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

###### 3. gr.

###### Skilgreiningar

Þjóðarleikvangur er íþróttastaða sem tengist sérstaklega ákveðinni íþróttagrein. Hér er um íþróttamannvirki að ræða, sem þegar er til staðar eða á eftir að reisa. Þjóðarleikvangur er íþróttamannvirki sem:

- Uppfyllir tæknilegar staðalkröfur fyrir viðkomandi íþróttagrein sem þarf til þess að standa fyrir eða halda alþjóðlega íþróttaviðburði og íþróttakeppnir.
- Uppfyllir nánar skilgreindar lágmarkskröfur í íþróttamannvirkjum skv. alþjóðlegum reglum alþjóðasambanda og íslenskum reglugerðum um mannvirki fyrir almenning og fjölmiðla í tengslum við mikilvæga alþjóðlega viðburði og íþróttakeppnir.
- Fær viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis sem þjóðarleikvangur samkvæmt tillögu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands til mennta- og menningarmálaráðuneytis og samþykki viðkomandi sveitarfélags að undangenginni umsókn sérsambands.

###### 4. gr.

###### Skilyrði um íþróttagreinar

Íþrótt/íþróttagrein getur einungis haft eitt íþróttamannvirki sem skilgreint er sem þjóðarleikvangur. Hins vegar getur sami leikvangur verið þjóðarleikvangur fyrir fleiri en eina

Íþróttagrein. Þjóðarleikvangur skal hafa heildarumgjörð og búnað sem krafist er til þess að halda viðurkennda viðburði í alþjóðakeppnum viðkomandi íþróttagreinar.

5. gr.

#### *Kröfur til íþróttamannvirkis*

Þjóðarleikvangur skal vera í þeim gæðaflokki að hægt sé að standa fyrir stærstu íþróttaviðburðum íþróttagreinar á landsvísu sem og alþjóðakeppnum þeirra íþróttagreina sem þjóðarleikvangurinn hefur verið viðurkenndur fyrir. Kröfur sem gerðar eru til mannvirkisins þurfa að uppfylla kröfur um íþróttalegan hluta íþróttagreinarinnar, s.s. velli, merkingar, búningsklefa, búnað s.s. klukkur eða annan tölvubúnað sem fylgir viðkomandi íþróttagrein og aðrar skipulagskröfur sem gerðar eru m.a. vegna áhorfenda og fjölmiðla.

6. gr.

#### *Viðmið sem viðurkenning þjóðarleikvangs byggir á*

Viðurkenning á þjóðarleikvangi skal á grundvelli mats byggja á eftirfarandi viðmiðum:

- Umfangi og kostnaði við alþjóðlega íþróttaviðburði og íþróttakeppnir.
- Rekstrargrundvelli íþróttamannvirkis til lengri tíma.
- Reglulega fari alþjóðlegir íþróttaviðburðir og keppnir fram á Íslandi.
- Staðsetningu mannvirkisins.
- Góðum árangri íslenskra íþróttamanna í lengri tíma.
- Þýðingu íþróttagreinar fyrir þjóðina.

## **II. Kafli**

### **Umsóknarferli vegna viðurkenningar þjóðarleikvangs**

7. gr.

#### *Umsókn*

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands útbýr rökstudda tillögu um að íþróttamannvirki verði skilgreint sem þjóðarleikvangur að undangenginni umsókn viðkomandi sérsambands. Umsögn sveitarfélags sem á mannvirkið eða ber ábyrgð á því sbr. 10. gr. skal fylgja umsókn. Mennta- og menningarmálaráðuneyti tekur afstöðu til tillögunnar í samráði við sveitarfélagið sem á viðkomandi mannvirki.

8. gr.

#### *Starfshópur sem fjallar um umsókn*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti tekur tillögu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands til umfjöllunar. Starfshópur sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar gerir tillögu til ráðherra um hvort mannvirkið fái stöðu sem þjóðarleikvangur fyrir viðkomandi íþróttagrein. Í starfshópnum skulu vera tveir aðilar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, einn frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Málsmeðferðin skal gera ráð fyrir viðræðum við fulltrúa viðkomandi sveitarfélags og sérsambands þar sem samið er um skilyrði fyrir aðgerðum sem eru í samræmi við markmið og fjárhagslega ábyrgan

rekstur á mannvirkinu og framkvæmd íþróttaviðburða. Samþykki ráðherra þjóðarleikvang skal það gert með fyrirvara um að samkomulag á milli aðila takist og hefjast þá viðræður aðila um samning.

9. gr.

*Samningur á milli aðila*

Setja skal ákvæði um ábyrgð og skyldur í samninga á milli viðkomandi aðila. Með aðilum er hér átt við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, sérsamband Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem í hlut á, sveitarfélag og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Samningar skulu endurspegla þau viðmið og skilyrði sem í gildi eru fyrir þjóðarleikvanga. Í samningum skal bæði notkun og fjárhagsgrundvöllur íþróttamannvirkisins vera tryggður. Jafnframt skal skilgreina notkun viðkomandi sérsambanda á þjóðarleikvanginum. Kostnaður vegna leigu sérsambands á mannvirkinu þarf að koma fram í samningi.

Samningurinn skal vera samþykktur af öllum aðilum áður en mennta- og menningarmálaráðherra tekur endanlega afstöðu til þess hvort viðkomandi mannvirki fái stöðu sem þjóðarleikvangur. Sé um fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu ráðuneytisins að ræða skulu samningar vera með fyrirvara um samþykki Alþingis vegna framlaga á fjárlögum.

10. gr.

*Meðferð umsókna um stofnkostnað*

Fjárskuldbindingar ráðuneytisins s.s. stofnkostnaður sem kemur til vegna samnings á milli aðila um byggingu, viðhald eða endurbætur þjóðarleikvanga þarfnast samþykkis Alþingis. Í þeim tilfellum tekur mennta- og menningarmálaráðuneyti afstöðu til þess hvort viðkomandi íþróttagein og væntanlegt mannvirki uppfylli viðmið og skilyrði sem þarf til þess að fá viðurkenningu sem þjóðarleikvangur í samráði við viðkomandi sveitarfélag. Aðeins sveitarfélög eða eigendur íþróttamannvirkis geta sótt um stofnkostnað vegna byggingar, viðhalds eða endurbóta á íþróttamannvirkjum sem eru eða sótt hefur verið um að verði þjóðarleikvangur. Sé eigandi annar en sveitarfélag þarf sveitarfélagið að ábyrgjast viðkomandi íþróttamannvirki. Bygging mannvirkisins tekur mið af þeim lögum sem gilda um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

11. gr.

*Umsókn um stofnkostnað*

Í umsókn um stofn- eða rekstrarstyrk skal koma fram:

- a. Yfirlýsing á milli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, sérsambands og sveitarfélagsins um að umsókn sé vegna væntanlegs þjóðarleikvangs.
- b. Fyrirfram vottað skipulag mannvirkisins og samþykki frá íþróttahreyfingunni um að íþróttatæknilegur hluti mannvirkis standist alþjóðlegar kröfur.
- c. Nákvæm kostnaðaráætlun vegna byggingar mannvirkisins.
- d. Greinargerð með einstökum liðum fjárhagsáætlunarinnar.
- e. Umsögn frá íþróttaráði/bæjarstjórn viðkomandi sveitarfélags.
- f. Rekstraráætlun, fjárhagsáætlun og notendaáætlun fyrir mannvirkið.
- g. Upplýsingar um reikningsnúmer og prókúruhafa.
- h. Þinglýst afsal íþróttamannvirkis eða þinglýstur leigusamningur og fasteignanúmer (sveitarfélag).

### III. Kafli Önnur ákvæði

12. gr.

Endurskoðun á íþróttagreinum með aðstöðu í þjóðarleikvöngum fer fram fimmta hvert ár.

13. gr.

Fjárfesting, sem mun auka kostnað við þjóðarleikvang eykur ekki sjálfkrafa kostnað mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna samninga sem eru í gildi um viðkomandi þjóðarleikvang. Allar fjárveitingar í sveitarfélögum vegna þjóðarleikvanga skulu vera samþykktar af viðkomandi sveitarfélagi og gerð grein fyrir þeim í fjárhagsáætlun þess.

14. gr.

Til þess að fá stöðu sem þjóðarleikvangur fyrir íþróttagrein þarf eigandi viðkomandi mannvirkis að gera grein fyrir rekstri mannvirkisins. Í sérstökum tilfellum er heimilt að mennta- og menningarmálaráðuneyti styðji sérsambönd vegna leigukostnaðar sérsambanda til æfinga og keppni í viðkomandi þjóðarleikvangi. Sé um slíkt að ræða skal það koma fram í samningi á milli aðila. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er einnig heimilt að semja við sveitarfélög um rekstrarkostnaðar þjóðarleikvanga enda séu gerðir sérstakir samningar um slíkt fyrirkomulag. Slíkar fjárveitingar eru með fyrirvara um samþykkt á fjárlögum. Að jafnaði er það aðeins sveitarfélag sem getur verið eigandi þjóðarleikvangs. Mannvirki sem er í eigu annarra aðila en sveitarfélags kann þó að geta verið þjóðarleikvangur í íþróttagrein, enda njóti mannvirkið stuðnings og viðurkenningar sveitarfélags.

15. gr.

Sveitarfélög geta falið öðrum aðilum svo sem íþróttafélögum eða sérsambandi rekstur mannvirkis. Mennta- og menningarmálaráðuneyti er heimilt að samþykkja styrki vegna stofnkostnaðar af viðurkenndum kostnaði við viðbyggingu, endurbyggingu eða viðhalds á þjóðarleikvangi. Ráðuneytið metur og tekur ákvörðun um það í hverju tilviki hversu hár stofnkostnaður verður vegna íþróttahluta byggingarinnar ásamt áhorfendasvæðum og mannvirkjum fyrir fjölmiðla eftir ítarlegra mati. Fjárskuldbindingar vegna stofnkostnaðarframlaga ríkisins eru með fyrirvara um samþykki Alþingis.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 15. gr. íþróttalaga nr. 64/1998, öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 10. september 2015